



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu um upplýsingar um leikskólarými í mælaborð Reykjavíkurborgar – umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. febrúar 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að upplýsingar um laus leikskólarými og stöðu biðlista verði settar í mæliborð Reykjavíkurborgar. Þar komi fram aðgengilegar, sundurgreindar og auðskiljanlegar upplýsingar eftir leikskólum og hverfum um stöðu biðlista og laus leikskólarými. Þá er enn fremur lagt til að þessar upplýsingar verði uppfærðar um leið og breytingar verða. Markmiðið með tillögunni er að auðvelda foreldrum aðgengi að upplýsingum og gera stjórnarsýsluna gagnsærri og skilvirkari. Slíkt fyrirkomulag sparar foreldrum mikla fyrirhöfn að afla sér upplýsinga innan úr kerfinu og dregur jafnframt úr álagi á leikskólana og leikskóladeild skóla- og frístundasviðs að veita upplýsingar um laus leikskólarými og stöðu biðlista. Það ætti að vera sjálfsögð og eðlileg krafa að tölulegar upplýsingar um jafn mikilvæga þjónustu við borgarbúa sem leikskólarnir eru séu opinberar og aðgengilegar á hverjum tíma þannig að foreldrar geti betur gert ráðstafanir og fylgst með stöðunni.

Tillagan var send til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs og barst svohljóðandi umsögn 17. mars 2021:

Mælaborð borgarbúa hefur verið í umsjón Fjármála- og áhættustýringarsviðs hvað varðar umsjón með starfshópi um mælaborðið og eftirfylgni með uppfærslu gagna. Í starfshópnum sitja fulltrúar þeirra fagsviða sem að mælaborðinu koma og er hvert og eitt svið ábyrgt fyrir uppfærslu á sínum gögnum og þróun þeirra gagna sem þar eru birt. Skóla- og frístundasvið getur þannig tekið ákvörðun um breytingar á sínum gögnum í mælaborðinu og óskað eftir framkvæmd á þeim í gegnum starfshópinn. Starfshópurinn fór í gegnum gróðurhús Þjónustu- og nýsköpunarsviðs nýverið og var niðurstaðan sú að æskilegt er að gera áherslubreytingar á efni mælaborðsins og sníða

Það enn frekar að þörfum borgarbúa. Sú breyting hefur einnig orðið nýverið að ábyrgð á miðlun gagna og arkitektúr þeirra er nú í höndum Gagnaþjónustu Reykjavíkurborgar, sem er lykilaðili í endurskoðun á innihaldi mælaborðsins og breytingum á fyrirkomulagi gagnavinnslu. Tillaga Sjálfstæðisflokksins frá 9. febrúar 2021 fellur vel að þeim áherslubreytingum sem ræddar hafa verið á mælaborðinu, þ.e. að það verði í auknum mæli sniðið að upplýsingaþörfum borgarbúa. Skoða þarf aðgengileika gagna og tæknilegar útfærslur á sjálfvirkri uppfærslu þeirra. Eðlilegur farvegur á tillögunni er að hún verði send starfshópi um mælaborðið til skoðunar og útfærslu, enda koma fulltrúar Skóla- og frístundasviðs og Gagnaþjónusta Reykjavíkurborgar beint að afgreiðslu hennar með þeim hætti.